


|                   |                                                         |                                                                                     |
|-------------------|---------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                     |  |
| Útgáfa: 07        |                                                         |                                                                                     |
| Dags.: 08.04.2010 |                                                         |                                                                                     |
| Höfundur: GLÁ     | <b>MYL 203 Mannslíkaminn<br/>Kennsluáætlun vor 2011</b> |                                                                                     |
| Samþykkt: HJS     |                                                         |                                                                                     |
| Síða 1 af 2       |                                                         |                                                                                     |

**Kennari:** Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

**Viðtalstími:** Mánudaga 11:20–12:00

### Áfangalýsing

Alhliða þjálfun í teiknifærni, að teikna eftir fyrirmynd. Hæfileikann til að umbreyta þrívíðu formi í tvívíða teikningu og að nota til þess sjónskilning og sjónminni þjálfður. Nemendur æfa sig í að skynja jafnvægi og átök, spennu og hlutföll og skilningur á stærðfræði mannslíkamans og fagurfræði hans dýpkaður. Nemendur rannsaka og teikna beina- og vöðvabyggingu mannslíkamans og mótun forma hans. Nemendur beita frjálsri teikningu í túlkun á fyrirmynd. Nemendur ígrunda verk sín. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og tvívíðum myndum, með ýmskonar tækni.



### Markmið

Að nemandinn með þjálfun

- dýpki skilning sinn á margbreytileika þeirra forma, hlutfalla og spennu sem mannslíkaminn býr yfir.
- dýpki skilning sinn á burðargetu og styrk beina- og vöðvabyggingar mannslíkamanns.
- dýpki skilning sinn á þeim samhljómi sem er á milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar mannslíkamanns.
- dýpki skilning sinn á þeirri tengingu, sem er milli hverskonar hönnunar og uppbyggingar mannslíkamanns.
- dýpki skilning sinn á listrænni vinnu, að upplifa, skynja og túlka það sem hann sér, upplifir.
- dýpki skilning sinn á verklegri færni við að teikna mannslíkamann.
- dýpki skilning sinn á gagnrýnni hugsun.
- þjálfist í að byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu.


### Námsmat

Próflaus áfangi. Öll verkefni nemenda metin. Símat, kennaramat, sjálfsmat, gagnrýni, leiðsagnarmat. Tekið er tillit til verkanna sjálfra eða afrakstursins 45% og ferlisins eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna 50%. Mæting 5%.

Til grundvallar matinu er annars vegar listrænn skilningur, sköpun, innsæi, frumleiki og gagnrýnin hugsun. Hinsvegar verkleg færni, framfarir, virðisauki, framkvæmd, opin hugur og ögrun.

### Verkefni

1. Rannsókarvinna, þar sem flókin form vöðva, beina og líkamans íheild eru rannsökuð ítarlega á lifandi fyrirmynd, beinagrind eða myndum af vöðvum og beinum með ýmskonar teikniáhöldum eða leir.
2. Hraðteikningar, með mismunandi aðferðum og áhöldum þar sem lögð er áhersla á túlkun og tjáningu.
3. Vinna í skissubók heima og í skóla með viðfangsefni áfangans og hugðarefnum nemenda tengdum honum.
4. Verk ýmissa listamanna úr nútíð og fortíð skoðuð.



Með fyrirvara um breytingar.

*Gangi ykkur vel!*

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar.

### Dagsetning:

|                   |                                                         |                                                                                     |
|-------------------|---------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                     |  |
| Útgáfa: 07        |                                                         |                                                                                     |
| Dags.: 08.04.2010 |                                                         |                                                                                     |
| Höfundur: GLÁ     | <b>MYL 203 Mannslíkaminn<br/>Kennsluáætlun vor 2011</b> |                                                                                     |
| Samþykkt: HJS     |                                                         |                                                                                     |
| Síða 2 af 2       |                                                         |                                                                                     |

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils